

Minnisblað

Efni: Lög um verndarsvæði í byggð

Alþingi hefur samþykkt ný lög um verndarsvæði í byggð.

Með lögnum er í fyrsta sinn á Íslandi mælt með skýrum og heildstæðum hætti fyrir um heimild til að vernda byggðarheildir og þannig lagður grundvöllur að því að menningarsögulegt og listrænt gildi einstakra bæjarhluta sé verndað um ókomin ár.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að með lögnum er slíkri vernd gert hærra undir höfði en svo að vera hluti af almennri skipulagsvinnu sveitarfélaga eins og verið hefur. Skapar það grundvöll til að gildi slíkrar verndar verði meiri en ella.

Í lögnum kemur fram að sveitarstjórn skuli að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað verðveislu svipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænugildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð. Sinni sveitarstjórn ekki skyldu skv. 1. mgr. um mat á gildi byggðar getur ráðherra falið Minjastofnun Íslands að meta gildi byggðar innan staðarmarka sveitarfélagsins og hvort ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.

Við mat á varðveislugildi svæða í byggð skal samkvæmt 5. gr. laganna líta til gagna sem eru til um hið fyrirhugaða verndarsvæði, þar á meðal korta, húsakannana, fornleifaskráningar, mynda og frásagna um byggðina. Jafnframt skal litið til byggingarstíls og byggingarlistar, efnisvals og samhengis bygginga á viðkomandi svæði auk heildarásýndar svæðisins.

Með gildistöku laganna eru gerðar breytingar á skipulagslögum þess efnis að kveðið er á um það að við gerð skipulagsáætlana skuli gætt ákvæði hinna nýju laga um verndarsvæði í byggð.

Ástæða þykir til að vekja athygli bæjarstjórnar á hinum nýju lögum, sérstaklega með tilliti til að nú er unnið að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu kemur fram að víða í nágrannalöndum Íslands er í borgum og bæjum að finna minjasvæði og hverfi sem hafa stöðu sem söguleg verndarsvæði (conservation area/historic district). Tilgangur slíkar verndar er að leggja áherslu á gildi menningarsögulegs umhverfis fyrir einstaklinga og samfélög ásamt því að tryggja að slík svæði hljóti þá umhirðu og umhyggju sem þarf til að gildi þeirra verði viðhaldið.